


Fljótsdalshérað  
Ómar Þröstur Björgólfsson  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. febrúar 2009  
Tilvísun: UST20080800002/ksj

### Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Tillaga í drögum til kynningar og umsagnar.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs dags. 1. ágúst 2008 þar sem óskað er umsagnar um drög að tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

Eins og fram kemur í drögum að tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs er umfjöllun um atriði eins og umhverfisáhrif áætlunarinnar og um efnistöku ófullgerð og bíður umsögn um þau atriði seinni tíma.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drögin.


Í kafla um náttúruvernd, forsendur, er fjallað um lög um náttúruvernd nr. 44/1999 hvað varðar náttúruminjar og náttúruverndarsvæði, einnig kemur fram að tiltekna tegundir jarðmyndana og vistgerða njóti sérstakrar verndar. Einnig kemur fram að það sé stefna Fljótsdalshéraðs að leggja sérstaka áherslu á verndun votlendis og skóga. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að úttekt verði gerð á svæðum er falla undir 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 sem yrði grundvöllur að verndun votlendis og upprunalegra birkiskóga.

Í umfjöllun um hafnarsvæði kemur fram að gert er ráð fyrir höfn í Skipavík sem liggur sunnan Fellabæjar. Einnig kemur fram að „*Höfnin þjónar skemmtibátum og siglingum með ferðamann á Lagarfljóti.*“ og að „*Í deiliskipulagi skal tryggt að höfnin sé aðlaðandi umgjörð fyrir starfsemi og útvist í tengslum við siglingar*“ Umhverfisstofnun bendir á að svæði númer 646 í náttúruminjaskrá, **Fell** nær meðal annars yfir svæðið við Lagarfljót sunnan Fellabæjar. Umhverfisstofnun bendir einnig á að hafnarsvæði draga alltaf að sér olíumannvirki sem byggð eru til þess að þjónusta báta og skip sem staðsett eru á svæðinu. Þar sem umrætt svæði er á náttúruminjaskrá verður að vanda val á staðsetningu fyrir olíumannvirki, og helst að koma þeim fyrir utan við svæði á náttúruminjaskrá. Greinar númer 5 og 6 í reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 35/1994 segja til um hvernig staðið skuli að staðarvali fyrir olíumannvirki.


Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til athugasemda þegar vinna við aðalskipulag Fljótsdalshéraðs er lengra komin.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Alta